

Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013-2015 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Verkmenntaskóla Austurlands

a. Markmið:

1. Að hlutfall þeirra nemenda sem ljúka 10. bekk í Fjarðabyggð og innritast í VA hækki úr 45 % (meðaltal þriggja síðustu ára) í 60 % á árunum 2013 – 2015 og að hlutfall nemenda sem innritast á verknámsbrautir hækki úr 38 % (meðaltal áranna 2011 og 2012) í 45 % á sama árbili.
Þessu markmiði verði m.a. náð með:
 - i) Áframhaldandi áherslu á árlegar kynningarheimsóknir 10. bekkja í VA
 - ii) Nemendakynningar í grunnskólum Fjarðabyggðar á verkefnum í einstökum námsáföngum
 - iii) Árlegum kynningardegi í mars sem kallast Tæknidagur fjölskyldunnar
 - iv) Útgáfu kynningarbæklings í febrúar 2013 og í febrúar 2015
 - v) Rýnifundi með kennurum ungingastigs í Grunnskólum Fjarðabyggðar vor 2013 og vor 2014
 - vi) Verknámsvika Verkmenntaskóla Austurlands og Vinnuskóla Fjarðarbyggðar. Verkefni sem verður fyrstu vikuna í júní 2013 þar sem allir nemendur í 9. bekk grunnskóla í Fjaðrabyggð og eru í Vinnuskólanum dvelja við kynningu á verknámi í 4 deildum Verkmenntaskólans. Stefnt að því að halda slíka verknámsviku á hverju vori.
 - vii) Útgáfu kynningarmyndbands í febrúar 2014
 - viii) Kynning á VA til foreldra grunnskólanema í Fjarðabyggð haust 2013
2. Að draga úr brottfalli um 0,2% á hverju ári 2013 - 2015 miðað við fjölda skráðra námseininga 15. október og 15. febrúar ár hvert. Meðalbrottfall áranna 2010 og 2011 var 4,7 %.
Þessu markmiði verði náð m.a. með:
 - i) Að ráða sérkennara til starfa á haustönn 2013
 - ii) Að auka aðsókn getumeiri nemenda úr grunnskólum Fjarðabyggðar í VA sbr. úttekt í byrjun vorannar 2013
3. Að hefja kennslu í vélstjórn samhliða kennslu í vélvirkjun skólaárið 2014 - 2015.
Til undirbúnings þessu markmiði skal:
 - i) Bjóða fram grunnnám málm- og veltæknigreina skólaárið 2013-2014
 - ii) Kaupaá vél- og tæknibúnaði fyrir vélstjórnarnám á árinu 2013
 - iii) Fara í kynnisferð í Verkmenntaskólann á Akureyri í mars 2013
4. Að ná silfurviðurkenningu í öllum þemum átaksins Heilsueflandi framhaldsskóli.

Þessu markmiði skal náð með:

- i) Heilsusamlegri hádegisverði í móttuneyti nemenda og starfsfólks á skólaárinu 2012 -2013
 - ii) Góðu skipulagi og markvissri framkvæmd í þemanu hreyfing 2012 – 2013
 - iii) Góðu skipulagi og markvissri framkvæmd í geðræktarþemanu 2013-2014
 - iv) Góðu skipulagi og markvissri framkvæmd í lífsstílsþemanu 2014 – 2015
5. Að hausti 2015 verði allt nám í VA í samræmi við aðalnámsskrá 2011.